

**FRAMKVÆMDALEYFI byggt á reglugerð nr. 772/2012.****Framkvæmdaleyfi til handa Pétri B. Guðmundssyni, Hvammi Ölfusi, vegna efnistöku úr Hvammsnámu.**

Sótt er um framkvæmdaleyfi á grundvelli aðalskipulags sbr. 1. mgr. eða á grundvelli 8. og 9. gr. reglugerðar þessarar og fylgja umsókn yfirlitsmyndir sem sýnir staðsetningu og afmörkun framkvæmdasvæðis og úrdráttur úr staðfestu aðalskipulagi, 2010-2022, sem sýnir afmörkun framkvæmdasvæðis, merkt þar sem E6a og E6b. Umsókninni fylgja upplýsingar um aðkomu og aðstæður á framkvæmdasvæði, þ.m.t. hvort um sé að ræða hættusvæði eða náttúruverndarsvæði eða hvort á svæðinu séu náttúruyfyrirbæri sem njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Fyrir liggur tillaga að deiliskipulagi fyrir framkvæmdasvæðið. Framkvæmdaleyfið er unnið á grunni tillögunnar að deiliskipulagi fyrir námurnar, ofan og neðan Hvammsveggar, matsskýrslu frá 12. september 2012, álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum vegna efnistökkunnar, frá 15. október 2012 á vinnslu í námu beggja vegna Hvammsveggar, allt að 600.000m<sup>3</sup> til 30 ára.

Framkvæmdaleyfið tekur efnistöku úr námum merktar E6a og E6b í aðalskipulagi Ölfuss 2010-2022.

Samþykkt eru framlögð gögn.

1. Umsókn um framkvæmdaleyfi frá 31. janúar 2019.
2. Matsskýrsla um efnistöku í landi Hvamms, sveitarfélaginu Ölfusi er frá 12. september 2012.
3. Frummatsskýrsla um efnistöku í landi Hvamms er frá 8. júní 2012.
4. Um frummatsskýrsluna gaf sveitarfélagið Ölfus umsögn, dagsett 6. september 2012.
5. Fornleifavernd ríkisins gaf umsögn um frummatsskýrsluna, dagsett 9. júlí 2012.
6. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands gaf umsögn við frummatsskýrsluna, dagsett 16. júlí 2012.
7. Umhverfisstofnun gaf umsögn um frummatsskýrsluna, dagsett 6. júlí 2012.
8. Vegagerðin gaf umsögn um frummatsskýrsluna, dagsett 9. júlí 2012.
9. Engar athugasemdir bárust á kynningartíma matsáætlunar.
10. Framkvæmdin nær yfir afmarkað svæði eins og kemur fram í gögnum með framkvæmdaleyfinu.
11. Í gögnum með umsókninni um framkvæmdaleyfi er framkvæmdinni lýst og hvernig gengið verður frá framkvæmdasvæðinu í lok verksins.
12. Pétur B. Guðmundsson er skráður fyrir umsókn um framkvæmdaleyfið.
13. Framkvæmdin sem framkvæmdaleyfið er veitt fyrir, skal samræmast samþykktum hönnunargögnum, sem fylgdu umsókninni.
14. Verði brugðið út frá samþykktum hönnunargögnum við framkvæmdina, skal tilkynna það leyfisveitanda og einnig Skipulagsstofnun ef framkvæmd fellur undir lög um mat á umhverfisáhrifum.

Meðfylgjandi gögn:

1. Umsókn og yfirlitsmynd námusvæða E6a og E6b.
2. Greinargerð með lýsingu á framkvæmd og hvernig framkvæmd fellur að gildandi skipulagsáætlun og mati á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdaleyfisgjald er í samræmi við gjaldskrá sveitarfélagsins.

Framkvæmdaleyfi þetta fellur úr gildi ef framkvæmdir hafa ekki hafist innan 12 mánaða frá 6. febrúar 2019

Þorlákshöfn þann 6. febrúar 2019.

---

Sigurður Ósmann Jónsson, f.h. sveitarfélagsins Ölfuss.

Framkvæmdaleyfið gefið út í samræmi við gögn sem fylgja með.